

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Ár 2015, föstudaginn 20. mars 2015 var haldinn 145. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 8.00. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Haraldur L. Haraldsson og Theódóra Þorsteinsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Þorsteinn Einarsson, lögmaður hjá Forum, sat fundinn undir fyrsta lið. Hallur Símonarson og Anna Margrét Jóhannesdóttir frá innri endurskoðandi Reykjavíkur sátu fundinn undir öðrum lið. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Dómur í málinu á hendur Lánaþjóði sveitarfélaga
Þorsteinn Einarsson, lögmaður, kynnti nýfallinn dóm í máli SHS gegn Lánaþjóði sveitarfélaga vegna ólögmatrar gengistryggingar á láni.
Eftirfarandi lagt fram:

Dómur í máli SHS gegn LS, dags. 12. mars 2015.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Innra eftirlit Reykjavíkurborgar
Á 144. fundi stjórnar var slökkviliðsstjóra falið að fá nánari kynningu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á fyrirhugaðri innri endurskoðun á SHS. Hallur Símonarson og Anna Margrét Jóhannesdóttir frá innri endurskoðun Reykjavíkurborgar fóru yfir málið.

Afgreiðsla: Kynning. Slökkviliðsstjóra falið að vinna áfram að málinu.

3. Endurnýjun á slökkvibifreiðum
Á stjórnarfundum 19. desember sl. var óskað eftir heimild stjórnar til þess að fara í útboð á fjórum slökkvibifreiðum. Afgreiðslu málsins hefur verið frestað í tvígang.
Eftirfarandi lagt fram:

Bílafloti SHS, aldur og kostnaður, dags. 16. mars 2015.

Afgreiðsla: Samþykkt að hefja vinnu varðandi útboðslýsingu og útboðsferli sem verði lögð fyrir næsta stjórnarfundum.

4. Skýringar 12 og 13 í ársreikningi 2014
Óskað var eftir nánari skýringum á skuldbindingum SHS skv. ársreikningi 2014, sbr. skýringar 12 og 13 í reikningnum.
Eftirfarandi lagt fram:

Orlofsskuldbinding SHS o.fl., dags. 16. mars 2015.

Afgreiðsla: Frestað.

5. Ofsaveður laugardaginn 14. mars
Slökkviliðsstjóri fór yfir verkefni viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu í ofsaveðrinu sem gekk yfir landið 14. mars sl.
Eftirfarandi lagt fram:

Óveðursútköll 14. mars, dags. 16. mars 2015.
Greinargerð um neyðarsímsvörun 14. mars, ódags.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Önnur mál

- 6.1 Vígsla Skarhólabrautar
Slökkvistöðin við Skarhólabraut verður vígð í dag, föstudaginn 20. mars 2015, kl. 15.00. Húsið verður opið almenningi til skoðunar laugardaginn 21. mars kl. 13-15.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 17. apríl 2015.

Fundi slitið klukkan 09:00

Dagur B. Eggertsson

Theódóra Þorsteinsdóttir
Gunnar Einarsson
Haraldur L. Haraldsson

Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson